

Umhverfisstofnun
Áb. _____
18. maí 2015
Tilv. _____

Skaftárhreppur
Klausturvegi 10
880 Kirkjubæjarklaustur



Reykjavík 15. maí 2015
UST201503-243/E.D.K.

Úrbótaáætlun samþykkt


Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 27. mars 2015 þar sem áformað var að áminna Skaftárhrepp vegna þriggja frávika á urðunarstað sveitarfélagsins. Frávikin sem um ræðir eru eftirfarandi:


1. Heyrúlluplast var geymt á urðunarsvæðinu þegar eftirlit fór fram, en það er frávik frá ákvæði 1.2 í starfsleyfi.
2. Talsverð óreiða var á urðunarsvæðinu, flokkar úrgangs ekki aðskildir og eitthvað um úrgangstegundir sem ekki er heimilt að geyma (né urða) t.d. heimilistæki og hjólbarðar. Þetta er frávik frá ákvæði 2.8 í starfsleyfi.
3. Mikið var af óbirgðum úrgangi og greinilegt að honum hefur verið safnað upp um nokkurt skeið. Þetta er frávik frá ákvæði 4.3 í starfsleyfi, en þar kemur fram að úrgang skal birgja samdægurs.

Áætlun Skaftárhrepps um úrbætur vegna ofangreindra frávika barst Umhverfisstofnun 29. apríl sl. Þar kemur fram að málið hafi verið tekið upp við verktakann sem sér um daglegan rekstur urðunarstaðarins og sveitarfélagið telji að endurskoða þurfi verkferla í ljósi þessara frávika. Tiltækt á svæðinu og endurskoðun verkferla verður lokið fyrir 1. júní nk.

Umhverfisstofnun samþykkir þessa úrbótaáætlun og telst eftirfylgni vegna frávikanna nú lokið. Úrbætur verða skoðaðar í næsta reglubundna eftirliti, en Umhverfisstofnun minnir einnig á möguleikann á fyrirvaralausum eftirliti.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur